ANTIKVA EHF 2021

# Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða í landi Elliðakots í Mosfellsbæ

Hermann Jakob Hjartarson, Rúna K. Tetzchner

og Ragnheiður Traustadóttir





**Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins**

Forsíðumynd: Tóft [2589]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-13-0

Verkefnanúmer MÍ: 3149

2.útgáfa

Hermann Jakob Hjartarson tók ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram

@ Hermann Jakob Hjartarson, Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 6

Fyrri rannsóknir ........ 7

Skráningarsvæðið ........ 7

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 8

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 11

Minjanúmer ........ 11

Tegund, hlutverk og heiti ........ 12

Staðsetning ........ 12

Staðhættir og lýsing ........ 12

Hættumat ........ 12

Mótvægisaðgerðir ........ 13

Fornleifar á svæðinu ........ 14

Elliðakot [256] ........ 15

Fjárhús [3149-2587] tóft og rétt [3149-2588] garðhleðsla ........ 15

Útihús [3149-2589] tóft ........ 16

Grjótnáma [3149-2590] náma ........ 17

Landamerkjagarður? [3149-2591] garður ........ 20

Garður [3149-2592] garðlag ........ 21

Garður [3149-2593] garðlag ........ 22

Grjóthrúgur [3149-2594] og [3149-2595] grjóthrúgur ........ 23

Húsgrunnur [3149-2596] ........................................ 23

Óþekkt [3149-2597] niðurgröftur ........................................ 24

Tóft [3149-2598] tóft ........................................ 25

Garður [3149-2637] garðlag ........................................ 25

Niðurgröftur [3149-2638] ........................................ 26

Húsgrunnur [3149-2599] grunnur ........................................ 26

Garður [3149-2639] garðlag ........................................ 28

Fjárhús [3149-2640] tóft ........................................ 29

Óþekkt [3149-2670] tóft ........................................ 30

Húsgrunnur [3149-2671] ........................................ 31

Nátthagi [3149-2781] heimild ........................................ 31

Samantekt og niðurstöður ........................................ 33

Heimildir ........................................ 35

## Kortayfirlit

Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins ........................................ 1

Kort 2 Þær lóðir sem skráningin náði yfir; inn á kortið  vantar lóð 173266. (Skjáskot úr Kortasjá Mosfellsbæjar). ........................................ 8

Kort 3. Uppmældar fornleifar og minjar  á skráningarsvæðinu. ........................................ 14

Kort 4. Fjárhústóft [2587] og aðhald [2588]. ........................................ 16

Kort 5. Tóftir [2589], [2640] og grjótnáma [2590]. ........................................ 18

Kort 6. Garður [2591]. ........................................ 20

Kort 7. Garðar [2592] og [2593]. ........ 21

Kort 8. Minjar á lóð 125243. ........ 24

Kort 9 Minjar á lóð 125235. ........ 27

Kort 10. Garður [2639]. ........ 29

Kort 11. Tóft [2670] og húsgrunnur [2671]. Hér sést hvernig tóftin er þakin trágróðri. Þegar loftmyndin var tekin stóð enn hús þar sem nú er húsgrunnur. ........ 32

# Myndayfirlit

Mynd 1 Skjáskot úr skráningargrunninum fyrir Mosfellsbæ. ........ 13

Mynd 2. Tóft [2589]. Horft til vesturs. ........ 17

Mynd 3. Grjótnáma [2590]. Mynd tekin til suðurs. ........ 18

Mynd 4. Grjótnáma [2590] fyrir miðri mynd. Einnig sést tóft [2589] til hægri við námuna og tóft [2640] fyrir aftan hana. Mynd tekin til vesturs. ........ 19

Mynd 5. Garður [2591]. Horft til norðvesturs. ........ 20

Mynd 6. Garður [2593]. Mynd tekin til norðausturs. ........ 22

Mynd 7. Grjóthrúga [2595]. Mynd tekin til vesturs. ........ 22

Mynd 8. Húsgrunnur [2596]. Mynd tekin til vesturs. ........ 23

Mynd 9. Niðurgröftur [2597]. Mynd tekin til norðurs. ........ 24

Mynd 10. Tóft [2598]. ........ 25

Mynd 11. Garður [2637]. Mynd tekin í vestur. ........ 26

Mynd 12 Húsgrunnur [2599]. Horft til norðvesturs. ........ 27

Mynd 14. Garður [2639]. Mynd tekin til suðurs. ........................................................ 28

Mynd 15. Undir snjónum er illgreinaleg tóft [2640]. Mynd tekin til norðvesturs. .................. 30

Mynd 16. Veggur úr meintri tóft [2670]. Mynd tekin til austurs. ........................................... 31

# Inngangur

Að beiðni Guðbjargar Daníelsdóttur fyrir hönd landeigenda Elliðakotslands tók Ragnheiður Traustadóttir, fyrir hönd Antikva ehf., að sér fornleifaskráningu á lóðum í landi Elliðakots vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda.

Um 20 minjar fundust við skráninguna, þar af eru 14 innan eða á mörkum skipulagssvæðisins og flestar eru líklega frá 20. öldinni. Allar minjarnar hafa verið mældar upp og staðsettar. Ekki eru allar minjar sem voru skráðar friðaðar.

Skipulagsreitirnir eru staðsettir í landi Elliðakots, norðan við þjóðveg 1, við Nátthagavatn og Selvatn (sjá kort 2).

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimilda- og vettvangskönnun, úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Verkefnið fékk verkefnanúmerið 3149 frá Minjastofnun Íslands. Skýrsluhöfundar sáu um vinnuna.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

## Fyrri rannsóknir

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta svæðisins og var gefin út í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem unnin var af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006.[1] Þar er rakin saga Elliðakots og bæjarstæðið skráð ásamt fleiri minjum. Þessi skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var það fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er þó háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar settar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsjá sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmt staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag. Skráningin stenst því ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru núna en staðlar Minjastofnunar Íslands hafa breyst. Nú þarf að mæla upp og staðsetja allar minjar nákvæmlega. Einnig eru fleiri minjar friðaðar en áður en nú njóta allar minjar sem eru 100 ára og eldri friðunar. Notast er við lýsingar úr fyrri skráningu þegar það á við.

## Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir 34 sumarbústaðalóðir í landi Elliðakots í Mosfellsbæ. Allar eru þær utan túns gamla Elliðakotsbæjarins. Flestar eru lóðirnar við afleggjarann að Elliðakoti, en þrjár eru á milli gamla Elliðakotsbæjarins og Selvatns, ein við suðausturenda Selvatns og ein um 620 m sunnan við Nátthagavatn.

[1] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl. 2006.




**Kort 2 Þær lóðir sem skráningin náði yfir; inn á kortið vantar lóð 173266. (Skjáskot úr Kortasjá Mosfellsbæjar).**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna,

bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal samkvæmt 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-,

húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Elliðakot. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á og hlutverki þeirra, til dæmis „garður [2591]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu. Hafi fornminjarnar sérnafn, er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis kirkja eða kálgarður.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana, liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smá saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Hér var skráður einn nátthagi [2781] sem heimildir geta en fannst ekki á vettvangi.

## Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort þarf að gera eitthvað og þá með hvaða hætti.



2587, Fjárhús, Arkeologiska object

Attributes | Text | Relations | Geo Objects | Documents | Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Tegund | Tóft |
| Efni | Torf og grjót |
| Lengd | 7 meter |
| Breidd | 12 meter |
| Hæð | 0.6 metrar |
| Veggjahæð frá | 0,2 m |
| Veggjahæð til | 0,6 |
| Breidd veggjar | 2 m |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Rétt austan við bæjarstæðið við þjóðleiðina. |
| Adalsvædi | <None> |
| Svæði | <None> |
| Túnakort | Nei |
| Heimildir | Fornleifaskrá 2006-:29. |
| Örnefnaskrá | |
| Aldur | 1850-1950 |
| Skráning | RT-RKT-HJH |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 19.11.2021 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| Minjagildi | Mjög mikið |
| Verkefni | Deiliskipulag Elliðakot |
| Sveitarf | Mosfellsbær |
| Gróður | Gras, mosi |
| Friðað | Ja |
| Friðlýst | Nei |
| Hlutverk | Fjárhús |

**Mynd 1 Skjáskot úr skráningargrunninum fyrir Mosfellsbæ.**

# Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Uppmældar fornleifar og minjar á skráningarsvæðinu.**

# Elliðakot [256]

Elstu heimildir um Elliðakot eru frá 1395 í skrá um jarðir Viðeyjarklausturs; þá er staðurinn kallaður Hellar.[2] Við jarðaskráningu árið 1703 er talað um um „Hellirs Kot“ og virðist líklegt að um sömu jörð sé að ræða.[3] Þegar þar kom var jörðin gengin til konungs, en í bændaeign árið 1847.[4] Sjálft nafnið Elliðakot virðist þó ekki koma til sögunnar fyrr en árið 1883. Búið var með hléum á staðnum til árins 1949 þegar bærinn brann.[5] Á seinni hluta 20. aldar hefur stór hluti jarðarinnar verið notaður undir sumarbústaðaland og eru flestar sumarbústaðalóðirnar í notkun í dag, en nokkrar hafa lagst af og eru húsin farin að hrynja.

Hið gamla bæjarstæði og tún Elliðakots er norðan við sumarbústaðasvæðið og þar hefur varðveist umfangsmikil minjaheild. Auk rústa frá yngsta bænum virðist mega sjá eldri bæjarhól og einnig tóftir fjölmargra útihúsa, garða, beðasléttur og götur. Þessar minjar eru þó töluvert langt utan við fyrirhugað byggingasvæði og eru því ekki í neinni hættu.

## Fjárhús [3149-2587] tóft og rétt [3149-2588] garðhleðsla

Fjárhús og sambyggð rétt eða aðhald eru um 32 m austur af vegslóða og um 80 m austur af rústum Elliðakots. Fjárhústóftin er um 7 x 12 m að stærð, veggir úr grjóti og torfi, um 2 m á breidd og 1,4-1,8 m háir. Tóftin hefur stefnuna norðaustur – suðvestur og er norðausturhlutinn grafinn inn í hlíðina en hún opnast í suðvestur og þar hefur inngangurinn verið. Grjóthleðsla sem liggur inni í miðri tóftinni endilangri skiptir henni í tvennt. Í eyðijarðaskrá frá árinu 1963 er getið um gamalt, mjög lélegt og ónothæft fjárhús á jörðinni en staðsetning ekki tilgreind nánar og því óvíst hvort það sé þetta.[6] Austan við fjárhúsið er rétt eða aðhald, um 14 x 11 m að stærð og grjóthlaðnir veggirnir um 1 m að breidd og 0,2-0,6 m háir. Aðhaldið er byggt upp við fjárhúsið og eru austurveggur fjárhússins og vesturveggur aðhaldsins samnýttir. Inngangur er í suðvesturenda.[7] Tóftin ásamt aðhaldinu er ágætlega varðveitt og hefur nokkurt minjagildi. Þetta er þó utan skipulagssvæðisins þannig að minjarnar eru ekki í neinni hættu.

---

[2] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, 1896: 598.
[3] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, 1923-1924: 288-289.
[4] *Jarðatal á Íslandi*, 1847: 96.
[5] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl. 2006: 23 o.þ.tilv.rit.
[6] Skýrsla um eyðijarðir, sbr. nr. 26.
[7] Fjárhúsið er nr. 256-13 í fyrri skráningu og réttin nr. 256-14. Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl. 2006: 29.




**Kort 4. Fjárhústóft [2587] og aðhald [2588].**

## Útihús [3149-2589] tóft

Tóft er 40 m suður af veginum, um 220 norður af Nátthagavatni, upp við norðvesturenda grjótnámu [2590] og um 20 m austur af tóft [2640]. Tóftin er um 6,5 x 5,5 m að stærð og hefur stefnuna norðvestur – suðaustur. Inngangur snýr í norðaustur. Veggir eru hlaðnir úr tilhöggnu grjóti og torfi, um 1-1,5 m breiðir og 0,4-0,6 m háir.[8] Grjótið í veggjunum lítur út fyrir að vera úr námunni; mögulega tengist mannvirkið að einhverju leyti námuvinnslunni og hefur þarna kannski verið afdrep fyrir þá sem unnu við hana. Þetta gæti þó einnig verið útihús tengt búskapnum í Elliðakoti. Tóftin er vel varðveitt og hefur ótvírætt minjagildi. Hún er þó utan skipulagssvæðisins og því ekki í neinni hættu vegna framkvæmda.

[8] Tóftin er nr. 256-15 í fyrri skráningu. Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl. 2006: 29.



**Mynd 2. Tóft [2589]. Horft til vesturs.**

## Grjótnáma [3149-2590] náma

Á milli tófta [2589] og [2640] er svæði þar sem greinilega er búið að höggva grjót og nema á brott. Þarna hefur áður verið klöpp en er nú niðurgrafið svæði, um 41 x 33 m að stærð. Á sunnanverðu svæðinu er mikið af brotnu grjóti sem líklega hefur ekki hefur verið unnt að nota. Grjótið úr námunni hefur verið notað til þess að byggja mannvirkin á svæðinu, meðal annars síðasta bæinn í Elliðakoti. Gamall vegarslóði liggur norðaustur frá námunni og mannvirkjum þar og tengist vegi sem liggur að hinu gamla bæjarstæði Elliðakots. Þarna eru leifar sem vitna um námugröft á fyrri tíma í tengslum við mannvirkjagerð og hefur náman mikið minjagildi sem slík. Hún er þó utan skipulagssvæðisins og því ekki í neinni hættu vegna framkvæmda.



**Mynd 3. Grjótnáma [2590]. Mynd tekin til suðurs.**




**Kort 5. Tóftir [2589], [2640] og grjótnáma [2590].**



**Mynd 4. Grjótnáma [2590] fyrir miðri mynd. Einnig sést tóft [2589] til hægri við námuna og tóft [2640] fyrir aftan hana. Mynd tekin til vesturs.**

## Landamerkjagarður? [3149-2591] garður

Um 133 m langur garður liggur norður – suður við vesturmörk lóðar 125239. Suðurendi hans er um 50 m norðan við Nátthagavatn og norðurendinn um 77 m suður af vegi sem þarna er. Garðurinn er úr grjóti, 0,2-0,6 m á hæð, að meðaltali um 1,8 m breiður. Hann er nokkuð yfirgróinn, sokkin á einum stað og liggur lágt í landslaginu. Girðing er ofan á honum. Mögulega er þetta gamall landamerkjagarður. Hann hefur því minjagildi sem slíkur. Garðurinn er rétt utan við mörk skipulagssvæðisins og ætti því ekki að vera í hættu en fara þarf varlega.




**Kort 6. Garður [2591].**



**Mynd 5. Garður [2591]. Horft til norðvesturs.**

## Garður [3149-2592] garðlag

Garður úr grjóti liggur frá Miðbrekkum hjá Elliðakoti og upp á Dyngju; þar liggur hann fyrir ofan garð [2593] og er samsíða honum á kafla. Garðurinn er um 200 m langur, 0,2-0,4 m hár og 1-1,5 m breiður. Hann hefur verið rofinn á hluta vegna vegar sem þarna er.[9] Garðurinn er ekki áberandi í landslaginu en hefur nokkurt minjagildi. Hann er á mörkum lóðar 125242 og gæti því verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.




**Kort 7. Garðar [2592] og [2593].**

[9] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl. 2006: nr. 256-4.

## Garður [3149-2593] garðlag

Garður hlaðin úr grjóti er skammt vestan við garð [2592]. Hæðin er um 0,2 m og breiddin mest um 1 m. Hann virðist að hluta til fylgja fyrri mörkum lóðar 125242 og liggur girðing ofan á honum. Lóðamörk lóðar 125242 eru samkvæmt núgildandi skipulagi utar en þessi garður þannig að hann er innan þeirra í dag. Óvíst er hversu gamall garðurinn er. Hann hefur nokkurt minjagildi.



**Mynd 6. Garður [2593]. Mynd tekin til norðausturs.**



**Mynd 7. Grjóthrúga [2595]. Mynd tekin til vesturs.**

## Grjóthrúgur [3149-2594] og [3149-2595] grjóthrúgur

Uppi á holti innan lóðar nr. 125243 var að finna tvær grjóthrúgur, rétt utan við yfirgefinn sumarbústað. Báðar eru um 1,5 x 1,5 m að stærð og 0,3-0,4 m háar. Mögulega eru þetta steinar sem hefur verið safnað þarna saman á 20. öld af eigendum sumarbústaðarins. Hrúgurnar gætu verið eldri en þá óljóst hvaða tilgangi þær hafa þjónað en hugsanlega er um gamlar vörður að ræða. Þær hafa töluvert minjagildi og þar sem þær eru innan lóðar eru þær í hættu ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.



**Mynd 8. Húsgrunnur [2596]. Mynd tekin til vesturs.**

## Húsgrunnur [3149-2596]

Um 24 m norðvestur af yfirgefnum sumarbústað á lóð 125243 er gunnur af litlu húsi, um 6 x 4 m að stærð. Í grunninum er mikið af bárujárni og timbri. Líklega hefur húsið tilheyrt sumarbústaðnum. Grunnurinn er innan lóðar en er varla mjög gamall og ekki er um að ræða fornleif samkvæmt lögum.

## Óþekkt [3149-2597] niðurgröftur

Um 28 m norðaustur af yfirgefnum sumarbústað á lóð 125243 og um 6 m norður af húsgrunni [2596] er greinilegur ferhyrndur niðurgröftur, 2 x 1,3 m að stærð og um 0,3 m djúpur. Hlutverk hans er óþekkt, en líklega hefur hann verið gerður af ábúendum sumarbústaðarins. Þessi niðurgröftur hefur lítið minjagildi enda getur hann sennilega ekki talist vera fornleifar.



**Mynd 9. Niðurgröftur [2597]. Mynd tekin til norðurs.**




**Kort 8. Minjar á lóð 125243.**

## Tóft [3149-2598] tóft

Nýleg tóft er í sumarbústaðalandi 125235, um 38 m norðvestur frá vegi, 4 m austur af húsgrunni [2638] og 4 m norður af garði [2639]. Tóftin sem er gerð úr grjóti og torfi er U-laga með op í suður, veggir 0,4-1,2 m háir og um 2 m breiðir. Hlutverk er óþekkt en mannvirkið hefur sennilega verið gert á 20. öld og í notkun þegar sumarbústaðurinn var uppistandandi. Það er ágætlega varðveitt og hefur nokkurt minjagildi sem slíkt en er þó ekki endilega nógu gamalt til að teljast fornleifar.



**Mynd 10. Tóft [2598].**

## Garður [3149-2637] garðlag

Garður er á sumarbústaðalandi 125235, sunnan við húsgrunn [2638] og tóft [2637]. Hann er 7,5 m langur, 0,5 m breiður og 0,2-0,4 m hár. Ekki er ljóst hvert hlutverk garðsins var, en hann tengist sennilega sumarbústað sem þarna stóð og hefur takmarkað minjagildi.



**Mynd 11. Garður [2637]. Mynd tekin í vestur.**

## Niðurgröftur [3149-2638]

Syðst á sumarbústaðalandi 125235, fast norðan við veginn er illgreinanlegt niðurgrafið mannvirki, 11 x 5,5 m að stærð og niðurgröfturinn um 0,1 m að dýpt. Ekki er ljóst hvað þetta er, mögulega nýlegur húsgrunnur eða matjurtagarður. Niðurgröfturinn er sennilega ekki gamall og hefur lítið minjagildi.

## Húsgrunnur [3149-2599] grunnur

Húsgrunnur er á sumarbústaðalandi 125235, um 37 m frá veginum. Búið er að rífa húsið en þar sem það stóð er steinsteypuhrúga, 11 x 7,5 m á stærð og 0,5-1,4 m á hæð. Grunnurinn er innan lóðarinnar en ekki er um að ræða fornleifar samkvæmt lögum.



Mynd 12 Húsgrunnur [2599]. Horft til norðvesturs.




**Kort 9 Minjar á lóð 125235.**

## Garður [3149-2639] garðlag

Grjóthlaðinn garður er í landi sumarbústaðar 125232. Hann liggur norður – suður, frá girðingu í norðri að vegi til suðurs. Garðurinn er um 38 m langur, um 1 m að breidd og hæðin 0,1-0,3 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur þjónað; hann er ekki á núverandi lóðamörkum, en liggur þó að lóðamörkum í norðri og ekki er því ljóst hvort hann hafi tengst bústaðabyggðinni. Garðurinn er nokkuð siginn en þó greinilegur og hefur eitthvert minjagildi. Þar sem hann er innan skipulagssvæðisins gæti hann verið í hættu ef ráðast á í framkvæmdir.



**Mynd 13. Garður [2639]. Mynd tekin til suðurs.**




**Kort 10. Garður [2639].**

## Fjárhús [3149-2640] tóft

Tóft stendur á Nónholti, upp við vesturenda grjótnámu [2590], um 40 m suður af veginum. Hún er þrískipt og inngangar allra rýma snúa til suðurs. Stærð hennar er 11 x 10 m og eru veggir 0,2-0,4 m háir og 1-2 m þykkir. Tóftin virðist vera gerð úr torfi og grjóti. Líklega er þetta tóft af fjárhúsi. Þessar minjar eru nokkuð utan skipulagssvæðisins og eru því ekki í hættu vegna framkvæmda.



**Mynd 14. Undir snjónum er illgreinaleg tóft [2640]. Mynd tekin til norðvesturs.**

## Óþekkt [3149-2670] tóft

Á lóð 125241 er trjálundur um 14 m vestur af húsgrunni [2671]. Trén eru í skeifulaga laut en inn á milli trjánna sést móta fyrir mögulegri tóft. Erfitt er að átta sig á rýmisskipan í tóftinni þar sem trjágróður er mikill og þéttur og skal því taka meðfylgjandi uppmælingu með fyrirvara. Tóftin virðist vera um 10 x 7 m að stærð, hæð veggja er 0,2-0,4 m og breidd þeirra 1-3 m. Ómar Smári Ármannsson stingur upp á því á síðunni ferlir.is að hér sé mögulega að finna Viðeyjarsel og færir fyrir því rök að þarna sé kjörin selstaða, ágætt skjól og beit, nægt vatn, auðvelt aðhald og stutt í þjóðleið.[10] Þetta er þó alls ekki ljóst og raunar er hugsanlegt að hér sé ekki um mannvirki að ræða heldur hafi rætur stórvaxinna trjáa hreinlega myndað „veggina". En ef um fornleifar er um að ræða gætu þær haft talsvert minjagildi.

[10] Selfjall – Lækjarbotnar – Selvatn.



**Mynd 15. Veggur úr meintri tóft [2670]. Mynd tekin til austurs.**

## Húsgrunnur [3149-2671]

Inni á lóð 125241 er húsgrunnur, 20 x 11 m að stærð. Á þessum stað stóð hús sem sést á loftmynd frá 2019, þá mjög illa farið og hrunið að stórum hluta.[11] Það hefur verið rifið á tímabilinu 2019-2021. Grunnurinn er innan lóðarinnar en ekki er um að ræða fornleifar samkvæmt lögum.

## Nátthagi [3149-2781] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingum er Nátthagi engjastykki norðan við Nátthagavatn, eða þá þar sem Fossvallaá rennur út í Nátthagavatn.[12] Ekkert sést til fornleifa á þessum stöðum.

[11] Loftmynd frá Loftmyndum ehf.
[12] Ö-Elliðakot og Vilborgarkot; Ö-Elliðakot.




**Kort 11. Tóft [2670] og húsgrunnur [2671]. Hér sést hvernig tóftin er þakin trágróðri. Þegar loftmyndin var tekin stóð enn hús þar sem nú er húsgrunnur.**

# Samantekt og niðurstöður

Alls voru 20 minjar skráðar og þar af eru 19 sýnilegar. Sjö af þessum minjum eru friðaðar sem fornleifar samkvæmt lögum um menningarminjar.

Garður [2639] er á sumarbústaðalóð 125232 innan skipulagssvæðisins. Ekki er ljóst hvort hann hafi tengst bústaðabyggðinni eða búsetu fyrri tíma en hann gæti verið eldri en 100 ára. Hann er vel sýnilegur og hefur nokkurt minjagildi en er hugsanlega í hættu vegna framkvæmda.

Tvær grjóthrúgur [2594-2595] eru á lóð 125243 innan skipulagssvæðisins en hlutverk þeirra er óþekkt. Þær gætu verið eldri en 100 ára og mögulega eru þetta gamlar vörður. Grjóthrúgurnar hafa töluvert minjagildi og eru í hættu ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á lóðinni.

Garður [2593] gæti verið eldri en 100 ára en virðist fylgja eldri mörkum lóðar 125242 og gæti hafa tengst fyrri afmörkun hennar. Óvíst er því um aldur garðsins en hann hefur nokkurt minjagildi. Meint tóft [2670] er innan skipulagssvæðisins, hún gæti haft talsvert minjagildi.

Húsgrunnur [2596], niðurgröftur [2597], tóft af óþekktu mannvirki [2598], húsgrunnur [2599], garður [2637], niðurgröftur [2638] og húsgrunnur [2671] eru innan skipulagssvæðisins en eru líklega minjar sem eru yngri en 100 ára og geta þá ekki talist til fornleifa.

Garður [2592] er á mörkum skipulagssvæðisins; hann tengist sennilega búsetunni í Elliðakoti og hefur nokkurt minjagildi. Fleiri minjar voru skráðar sem líklega tengjast búskapnum í Elliðakoti og hafa gildi sem slíkar en þær eru utan við sjálft skipulagssvæðið. Þetta eru fjárhústóft [2587] og rétt [2588], tóft [2589], grjótnáma [2590], fjárhústóft [2640] og mögulegur landamerkjagarður [2591]. Þessar minjar ættu ekki að vera í neinni hættu en voru hafðar með vegna þess að þær eru skammt frá mörkunum og ber að hafa það hugfast við framkvæmdir. Þetta á þó einkum við um garð [2591] sem er rétt utan við vesturmörk lóðar 125239.

Þessar minjar má tengja vel varðveittri búsetuheild kringum rústir gamla Elliðakotsbæjarins, eldri bæjarhól og fjölmargar aðrar minjar tengdar býlinu. Í landi Elliðakots merkilegt minjalandslag sem ótvírætt hefur mikið minjagildi en það er langt utan við skipulagssvæðið.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. (2006). *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, III. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III. (1923-1924). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. (1847). J. Johnsen gaf út. Kaupmannahöfn, 1847.

*Kortavefur Mosfellsbæjar*. www.map.is/moso.

*Lög um menningarminjar*. Nr. 80, 29. júní 2012.

Selfjall – Lækjarbotnar – Selvatn. Sótt af https://ferlir.is/selfjall-laekjarbotnar-selvatn-2/.

*Skýrsla um eyðijarðir* samkvæmt fyrirmælum 53. Gr. Laga nr.75 frá 1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ö-Elliðakot: *Örnefnaskrá Elliðakots.*

